

REGLUGERÐ

um aðstoð við atkvæðagreiðslu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar eru:

- að tryggja lipra og samræmda framkvæmd þegar kjósenda er veitt aðstoð við atkvæðagreiðslu,
- að tryggja að þeim kjósendum sem óska aðstoðar til þess að nýta sér lýðræðislegan kosningarrétt sinn sé sýnd virðing og nærgætni,
- að tryggja leynilegar og frjálsar kosningar.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir þegar kjósenda er veitt aðstoð við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða á kjörfundi í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslum.

II. KAFLI

Almennt um framkvæmd aðstoðar við atkvæðagreiðslu.

3. gr.

Réttur til aðstoðar við atkvæðagreiðslu.

Hver kjósandi hefur rétt til þess að njóta aðstoðar við atkvæðagreiðslu í kosningum samkvæmt ákvæðum kosningalaga og reglugerðar þessarar.

Kjósandi skal aldrei þurfa að upplýsa eða greina frá því hvers vegna hann óskar aðstoðar og er kjörstjóra, kjörstjórn eða öðrum þeim sem starfa við framkvæmd kosninga óheimilt að biðja kjósenda að skýra frá því hvers vegna hann óskar slíkrar aðstoðar.

4. gr.

Skilyrði fyrir því að aðstoð sé veitt.

Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði. Ef kjósandi er ófær um að skýra frá vilja sínum skal honum ekki veitt aðstoð við atkvæðagreiðslu.

5. gr.

Framkvæmd aðstoðar.

Sá sem veitir aðstoð við atkvæðagreiðslu skal veita hana í samræmi við þarfir og aðstæður kjósendans.

Við alla framkvæmd aðstoðar við atkvæðagreiðslu skal kjósenda sýnd sú nærgætni, lipurð og virðing sem þarfir og aðstæður hans kalla á hverju sinni.

Við framkvæmd aðstoðar skal kjörstjóri eða kjörstjórn tryggja að kosningin sé leynileg svo sem með því að stöðva kosningu eða loka kjörfundarstofu meðan á atkvæðagreiðslu með aðstoð stendur.

6. gr.

Fyrirmæli kjósenda og þagnarskylda.

Þeim sem veitir kjósenda aðstoð við atkvæðagreiðslu er skylt að fara eftir fyrirmælum hans um það hvernig greiða eigi atkvæði fyrir hans hönd, sbr. 3. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 89. gr. kosningalaga.

Þeim sem veitir aðstoð er með öllu óheimilt að skýra frá því sem honum og kjósenda fer á milli hvort sem er í kjörklefa á kjörfundi eða þar sem atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram, sbr. 3. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 89. gr. kosningalaga.

III. KAFLI

Aðstoð veitt af kjörstjóra eða kjörstjórn.

7. gr.

Veitt aðstoð.

Aðstoð skal veitt af þeim úr kjörstjórn á kjörfundi sem kjósandi tilnefnir en kjörstjóra við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Ef kjörstjóri eða kjörstjórn telur ástæðu til skal kjósanda leiðbeint um rétt sinn til þess að njóta aðstoðar við atkvæðagreiðslu en aðstoð verður þó ekki veitt nema vilji kjósanda til að njóta aðstoðar sé skýr.

8. gr.

Bókun um aðstoð.

Sé aðstoð veitt við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal kjörstjóri rita á fylgibréf að aðstoð hafi verið veitt af kjörstjóra og skal þá jafnframt skráð í kjörskrá eða í sérstaka skrá kjörstjóra samkvæmt 77. gr. kosningalaga að kjósandi hafi notið aðstoðar kjörstjóra.

Við atkvæðagreiðslu á kjörfundi skal bóka í gerðabók kjörstjórnar í þeirri kjördeild þar sem kjósandi greiðir atkvæði að honum hafi verið veitt aðstoð af kjörstjórnarmanni.

9. gr.

Synjun um aðstoð.

Geti kjósandi ekki skýrt fulltrúa kjörstjórnar frá því hvernig hann vill greiða atkvæði skal kjörstjóri eða kjörstjórn synja kjósanda um aðstoð við atkvæðagreiðsluna.

Bókað skal með þeim hætti sem kveðið er á um í 8. eða 9. gr. um það að kjósanda hafi verið synjað um aðstoð þar sem hann hafi ekki getað skýrt frá vilja sínum.

IV. KAFLI

Aðstoð veitt af aðstoðarmanni kjósanda.

10. gr.

Veitt aðstoð.

Kjósanda ber réttur til að njóta aðstoðar einstaklings sem fylgir kjósanda á kjörstað sé vilji kjósanda til að njóta slíkrar aðstoðar skýr. Auk kjósanda, getur aðstoðarmaður kjósanda tjáð kjörstjóra eða kjörstjórn að kjósandinn óski eftir aðstoð hans við atkvæðagreiðsluna.

11. gr.

Aðstoðarmaður kjósanda.

Aðstoðarmaður kjósanda skal gera kjörstjóra eða kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að framvísa persónuskilríkjum með nafni, kennitölu og mynd, svo sem vegabréfi, ökuskríteini eða nafnskríteini eða gera grein fyrir sér á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra eða kjörstjórnar.

Aðstoðarmaður kjósanda má hvorki vera frambjóðandi í kosningum eða maki, barn, systkini eða foreldri slíks frambjóðanda og þá er honum óheimilt að gerast aðstoðarmaður fleiri en þriggja kjósanda við sömu kosningar, sbr. 3. mgr. 74. gr. og 3. og 4. mgr. 89. gr. kosningalaga.

Aðstoðarmaður kjósanda skal að minnsta kosti vera 18 ára gamall.

12. gr.

Leiðbeiningar til aðstoðarmanns kjósanda.

Kjörstjóri eða kjörstjórn skal upplýsa aðstoðarmann kjósanda um að samkvæmt kosningalögum meggi hann einungis veita kjósanda aðstoð ef kjósandi getur skýrt frá því hvernig hann vilji greiða atkvæði og þagnarskyldu, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Þá skal kjörstjóri eða kjörstjórn upplýsa aðstoðarmann kjósanda um skilyrði þess að veita aðstoð samkvæmt 11. gr. reglugerðar þessarar.

13. gr.

Staðfesting aðstoðarmanns kjósanda.

Aðstoðarmaður kjósanda skal undirrita staðfestingu á sérstöku eyðublaði sem skal hafa að geyma nafn og kennitölu kjósanda, aðstoðarmanns kjósanda og dagsetningu þegar aðstoð er veitt.

Á eyðublaðinu skal aðstoðarmaður kjósanda staðfesta hæfi sitt samkvæmt 11. gr. reglugerðar þessarar og skulu þar vera leiðbeiningar um þau atriði sem getið er í 12. gr. reglugerðarinnar.

Kjörstjóri eða kjörstjórnarmaður skal jafnframt undirrita staðfestingu aðstoðarmanns.

Kjörstjóri eða kjörstjórn skal varðveita staðfestingu aðstoðarmanns. Landskjörstjórn er heimilt að óska eftir upplýsingum um aðstoðarmenn frá kjörstjórum og kjörstjórnnum til þess að ganga úr skugga um hæfi þeirri skv. 89. gr. kosningalaga.

14. gr.

Bókun um aðstoð.

Sé aðstoð veitt við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal kjörstjóri varðveita staðfestingu aðstoðarmanns kjósanda og skrá í kjörskrá eða í sérstaka skrá kjörstjóra samkvæmt 77. gr. kosningalaga hvaða kjósandi hafi notið aðstoðar auk nafns og kennitölu aðstoðarmanns kjósanda við atkvæðagreiðslu.

Í gerðabók kjörstjórnar skal jafnframt bóka upplýsingar um þann kjósanda sem naut aðstoðar ásamt nafni og kennitölu aðstoðarmanns kjósandans.

15. gr.

Synjun um aðstoð.

Ef aðstoðarmaður kjósanda uppfyllir ekki skilyrði 11. gr. reglugerðar þessarar skal viðkomandi kjörstjóri eða kjörstjórn synja því að viðkomandi aðstoðarmaður veiti kjósandanum aðstoð.

Bóka skal um synjun með þeim hætti sem kveðið er á um í 14. gr. reglugerðar þessarar og að viðkomandi aðstoðarmann kjósanda hafi brostið skilyrði til þess að veita aðstoð.

Ákvörðun kjörstjóra eða kjörstjórnar að synja um aðstoð er endanleg.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

16. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. 5. mgr. 89. gr. kosningalaga nr. 112/2021, að fengnum tillögum landskjörstjórnar og tekur þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 11. apríl 2022.

F. h. r.

Haukur Guðmundsson.

Bryndís Helgadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.